

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslandsbleikja Eyjafjörður



Dags eftirlits	15.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Íslandsbleikja	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Glerárgötu 30	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539516,277 583070,492

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar eldiskvíar eru í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu. Engin frávik komu fram í eftirlitinu en ein athugasemd var gerð í eftirliti hvað varðar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfið var áður á nafni Brims fiskeldis ehf., en var fært yfir á nafn Íslandsbleikju ehf. skv. bréfi frá Umhverfisstofnun þann 28. janúar 2015.

Litið var yfir kvíastæði fiskeldisins þann 15. nóvember sl. í góðu veðri og skyggni var gott. Engar kvíar sáust á svæðinu og enginn rekstur merkjanlegur.

Fulltrúi fyrirtækisins staðfesti með tölvupósti þann 17. nóvember sl. að ekkert fiskeldi er í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins.

ATHUGASEMDIR

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2015 hafði ekki verið skilað er eftirlitið fór fram en fulltrúi fyrirtækisins staðfesti með tölvupósti þann 17. nóvember sl. að ekkert fiskeldi er í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins og þ.a.l. engar upplýsingar til fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald.

ANNAD

Fyrirtækið er með starfsleyfi til 1. september 2018 og hefur heimild fyrir eldi á 1.200t af þorski og ýsu á ári. Rekstri fiskeldisins var hætt árið 2009. Minnt er á að rekstraraðila ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar ef starfsemi hefst aftur sbr. gr. 1.7. í starfsleyfi.

Í starfsleyfi kemur fram að fyrirtækið eigi að skila grænu bókhaldi sbr. reglugerð nr. 851/2002 og einnig útstreymisbókhaldi skv. reglugerð 990/2008. Stofnunin telur nægjanlegt að rekstraraðili sendi stofnuninni bréf þess efnis að engin rekstur hafi verið árinu áður og því engar upplýsingar til fyrir grænt bókhald eða útstreymisbókhald.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.12.2016

Guðbjörg Stella Árnadóttir